

## FUNDARGERÐ

390. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 24. apríl 2017 kl. 9.00 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Guðrún Árnadóttir, Helgi Pétursson, Hrafn Magnússon, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Reynir Vilhjálmsson, Anna Þrúður Þorkeldsdóttir, Sjöfn Ingólfssdóttir og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi Guðmundur Gunnarsson.

Þetta gerðist:

### 1. „LEB málin“ -Landsfundur -Tillögur -Stjórnarkjör -Úrsögnin

Boðað er til landsfundur LEB í Hafnarfirði 23. og 24. maí 2017.

Formaður fór yfir stöðuna og m.a. skriflega tillögur frá stjórn LEB þar sem komið er inn á greiðslu til FEB vegna vinnu félagsins og ýmis önnur atriði eins og lækkun félagsgjalds er ákveðnum fjölda félagsmanna er náð svo og breytingu á fjölda / vægi fulltrúa á landsfundi. Eins og áður hefur fram komið þá mun núv. formaður LEB ekki gefa kost á sér til endurkjörs. Framkomin tillaga EBS formanns var samþykkt;

„Á síðasta ári samþykkti stjórn FEB að félagið segði sig úr LEB með fyrirvara.

Nú liggja fyrir breytingar á stjórn LEB og forystu sem og vinnubrögðum. Ennfremur hefur stjórn LEB samþykkt skriflega að greiða til baka af félgsgjöldum FEB til LEB rúmlega 3 milljónum króna vegna þjónustu og útgjalda FEB í þágu eldri borgara.

Í ljósi þess að vinnubrögðum og samstarfi verði breytt til bóta, samþykkir stjórn FEB að draga til baka úrsögn félagsins úr LEB.“

Áréttað var af stjórnarmönnum og samþykkt að úrsögn yrði ekki dregin til baka fyrr en mál skýrðust.

Val á landsfund LEB – framkominn listi uppstillingarnefndar samþykktur.

Lagabreytingatillögur sem tilkynntar hefa verið m.a. frá Fél. eldri borgara í Rangárþingi svo og LEB áréttar FEB að koma fram með breytingartillögur.

Tillögur LEB um ályktanir. Þarf að yfirfara. Samþykkt að EBS, Erna og Helgi fari yfir tillögurnar og komi fram með tillögur á fundi sem ráðgerður er um miðjan maí með öllum þingfulltrúum FEB.

### 2. Yfirferð með lögfræðingi og hugsanleg málaferli

Rætt hefur verið við lögfræðinga m.a. Ragnar Aðalsteinsson, Guðmund Sigurðsson og Daníel Ísebarn. Fundur með Daníel og jafnvel fleiri lögfræðingum verður 25. apríl kl. 12.00.

### 3. Önnur mál

Helgi Pétursson tilkynnti að þar sem hann flytur af landi brott á næstunni þá hverfi hann úr stjórninni. Þakkaði Helgi stjórnarmönnum samstarfið

EBS skýrði frá fundi sínum með Gráa hernum og ósk um sem bestum samskiptum áfram.

Anna Þrúður kom inn á mál íbúa við Boðaping sem nokkuð hefur verið í fjölmiðlun og þá „meðferð“ sem íbúar þar hafa fengið af hálfu leigusala Naustavarar / Hrafnistu. Nokkuð rætt hvernig félagið stjórn þess og eða starfsmenn geti farið inn í slík mál.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11.00.

Samþykkt;